

53

12. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán handa Landsbanka Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 2 millj. og 300 þús. króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. maí 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

54

12. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að tveir af hinum þingkosnu stjórnarnefndarmönnum síldarverksmiðja ríkisins hafi lagt niður umboð sín, og að eigi sé unnt að fullskipa stjórn síldarverksmiðjanna samkvæmt núgildandi lagafyrirmælum, en hinsvegar mjög nauðsynlegt að stjórn þessa stóra ríkisfyrirtækis sé jafnan fullskipuð, og að því sé óhjákvæmilegt að breyta til um fyrirkomulag á skipun verksmiðjustjórnarinnar og þyki þá af ýmsum ástæðum hentast

að stjórnarnefndarmenn séu aðeins þrír, teljum Vér brýna nauðsyn bera til 54
þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög, til þess 12. maí
að ráða bót á þessum vandkvæðum.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 14, 9. janúar 1935, orðist þannig:

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal skipuð þrem mönnum, sem atvinnu-
málaráðherra tilnefni til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn þó aðeins til ársloka
1937. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórnina til jafnlangs tíma.
Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

2. gr.

Í stað orðsins „þrír“ í 3. málsgr. sömu lagagreinar komi: tveir.

3. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í niðurlagi 4. málsgreinar sömu lagagreinar komi:
tveggja.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skipar ráðherra stjórn sildarverksmiðja rík-
ins samkvæmt þeim þegar eftir gildistöku þeirra. Fellur þá jafnframt niður
umboð allra núverandi stjórnarnefndarmanna

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. maí 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

55

23. júní

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí
1937.